

Bolungarvík 5. júní 2013

Umhverfisstofnun  
Drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

## Umsögn um drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands til kynningar

Almennt er ástand vatnsmála gott enda aðstæður allt aðrar hér en hjá öðrum Evrópulöndum þaðan sem þessi löggjöf er upprunnin. Sú nálgun sem tekin var við innleiðingu þessarar löggjafar er mjög furðuleg þar sem sett eru saman í vatnasvæði, svæði þar sem útilokað er að starfsemi á einu svæði hafi áhrif á öðru svæði. Á þessu byggir hugmyndin um vatnasvæði og er mjög gjaldgeng í Evrópu en á ekki við hér. Þetta hefur kallað á óþarfa ferðalög fyrir það fólk sem valist hefur í vatnasvæðanefndir og í einhverjum tilvikum latt fólk til starfsins. Færa þar rök fyrir þessum risastóru svæðum sem hver nefnd starfar á. Eitt að höfuðeinkennum Íslands er hvað langt er á milli fólks, þ.e. strjálbýli er mikið. Á Vestfjörðum hefur fólki fækkað um ca 30 % síðustu 25 ár, rækjuverksmiðjum hefur fækkað úr 8 í 2 og sama þróun hefur orðið í fiskvinnslu. Lífrænt efni í fráveituvatni 6 fiskvinnslufyrirtækja var mælt á árunum 96-97, ekkert af þeim fyrirtækjum starfar í dag. Í þessari vinnu kemur hvergi fram íbúáþróun síðustu ára.

Miklum fjármunum er áætlað að verja í vinnu við vatnamál á Íslandi, það sem helst vantar hér eru tölulegar upplýsingar um fráveitur og losun í sjó og svo lífríkisúttektir. Í stað þess að þeir peningar sem nota á fyrir þessa vinnu og séu settir í að kanna ástand úti á svæðum þá eru þeir notaðir til að styrkja fjárhag ríkisstofnana þar sem þeir nýtast ekki til að auka upplýsingar eða bæta vatnsgæði.

Gerð er athugasemd við framsetningu í töflum 1, 2 og 3 það er ekki boðlegt að setja fram töluleg gögn sem eru ekki byggðar á mælingum og gera álagsmat út frá því. Ég hef lengi furðað mig á hve hátt Umhverfisstofnun metur fiskvinnslufyrirtæki í heildar losun. Farið var í sýnatökur af fráveituvatni fiskvinnluhúsa á Vestfjörðum. Þ.e. álag frá þremur fiskvinnsluhúsum var mælt hæðsta gildi reyndist vera 2.048 p.e. á sólahring. Samkvæmt niðurstöðum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða ætti samkvæmt skilgreiningu fiskvinnslan ekki að vera listuð í töflu 2. (þar sem miðað er við fyrirtæki sem losa meira en 4000 p.e. í sjó). Eftir er

að mæla fráveitur og virkni hreinsibúnaðar rækjuverksmiðja og einnar fiskvinnslu á sunnanverðum Vestfjörðum.

Með kveðju

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Anton Helgason', is written over a horizontal line.

Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi